


Carl Philippe Gionet

píanóleikari



Listasafn Sigurjóns Ólafssonar
Þriðjudaginn 24. október 2023 kl. 20:00

Carl Philippe Gionet píanóleikari er fjölhæfur listamaður fæddur í Kanada, en franskur að langfeðratali. Hann lauk doktorsprófi í píanóleik frá Háskólanum í Montréal hjá Paul Stewart og hefur síðan tekið þátt í fjölda námskeiða í píanóleik. Hann hefur einnig lagt sérstaka áherslu á þjálfun í meðleik á píanó, meðal annars í Austurríki og á Englandi. Nú er hann eftirsóttur píanóleikari og kennari bæði vestan hafs og austan. Árið 2013 stofnaði hann *Musique sur mer en Acadie*, samtök sem helga sig menntun og dreifingu klassískrar tónlistar frönskumælandi hluta Kanada. Síðan 2014 hefur hann verið aðal píanókennari og söngþjálfari við Breno Italy International Music Academy.

Myndlist Carls munu Íslendingar kynna að ári, því næsta vetur verður haldin sýning í Listasafni Sigurjóns á málverkum hans. Í listaverkum Carls – málverkum og videoverkum – sem nær eingöngu eru unnin í svart-hvítu, birtast andstæður náttúrunnar, þau eru bæði innhverf og íhugul og bjóða upp á óteljandi túlkunarleiðir.

Fyrir fyrstu útgefnu bók sína, ljóðabókina *Icarus* var Carl tilnefndur til verðlauna *Prix Antonine-Maillet-Acadie Vie*. Geisladiskurinn *Tu me voyais* kom út 2022 með tólf útsetningum hans á acadískum þjóðlögum í flutningi hans og sópransöngkonunnar Christina Raphaëlle Haldane.

Efnisskrá

Johann Sebastian Bach 1685-1750	<i>Frönsk svíta</i> númer 2 Allemande Courante Sarabande Air Menuet Gigue	BWV 813
Shelley Washington f. 1991	<i>Towers</i>	2018
Ann Southam 1937–2010	<i>Remembering Schubert</i>	1993
Carl Philippe Gionet f. 1979	<i>Improvisations I</i> I – VII	2023

*Kaffistofa safnsins er opin eftir tónleikana
Haustdagskrá LSÓ er birt á heimasíðu safnsins www.LSO.is*